

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 440/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Sigurjóni Reyni Eiríkssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Refsiákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi til endurskoðunar á ákvörðun refsingar samkvæmt a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Var þá af hálfu ákærvaldsins einnig áfrýjað með stefnu 6. október 1994, að því er hann varðar, til þyngingar á refsingu. Af hálfu annarra ákærðu hefur héraðsdómi ekki verið áfrýjað.

Ákærvaldið krefst nú staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að fallist er á kröfu ákærða um, að gæsluvarðhald, er hann sætti í nóvember 1992, komi til frádráttar refsingu.

Brot þau, sem ákærði er sakfelldur fyrir, fólust í innflutningi á verulegu magni fíkniefna til landsins. Í ljós er leitt, að ákærði skipulagði ferðir til útlanda í þessu skyni og stuðlaði að þátttöku annarra í þessum brotum, þar á meðal tveggja yngri systkina sinna. Var þáttur ákærða í þessum ólöglega innflutningi mun meiri en þáttur meðákærðu, enda lagði hann fram mestan hluta þess fjár, sem varið var til fíkniefnakaupanna erlendis, festi sjálfur kaup á þeim og greiddi farareyri þeirra, sem tóku að sér að flytja efnin til landsins.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði með brotum sínum rofið skilorð dóms frá 14. nóvember 1991. Verður refsing ákærða ákveðin með vísan til 60. gr., 5., 6. og 8. tl. 70. gr., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt þessu og með vísan til 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur, þó þannig, að til frádráttar refsingu skal með fullri dagatölu koma gæsluvarðhald, sem ákærði sætti frá

2. nóvember 1992 til 8. sama mánaðar. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að gæsluvarðhald ákærða 2.- 8. nóvember 1992 skal koma til frádráttar refsingu.

Ákærði, Sigurjón Reynir Eiríksson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. ágúst 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 23. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 560/1993: Ákærvaldið gegn A, B, C, D, Sigurjóni Reyni Eiríkssyni og E, sem dómtekið var sama dag.

A.

Með ákæruskjali, dagsettu 5. október 1993, höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur A [...], B [...], C [...] og Sigurjóni Reyni Eiríkssyni, Álfhólsvegi 125, Kópavogi, kt. 231060-2439, „öllum fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni og ákærða Ragnari enn fremur fyrir brot á almennum hegningarlögum, svo sem hér greinir:

II.

Ákærða B og Sigurjóni Reyni er gefið að sök að hafa í byrjun mars 1992 staðið sameiginlega að innflutningi á um 1 kg af hassi. Ákærði Sigurjón Reynir keypti efnið í Rotterdam, og fluttu ákærðu það til Lúxemborgar, þar sem þeir festu það við líkama ákærða B, sem flutti efnið þannig hingað til lands 8. sama mánaðar að þáverandi heimili meðákærða Sigurjóns Reynis að Safamýri 31 í Reykjavík, þar sem meðákærði Sigurjón Reynir tók efnið í sínar vörslur sama dag. Ákærði Sigurjón Reynir skipulagði ferð ákærðu og greiddi allan ferðakostnað og auk þess ákærða B 150.000 kr. fyrir flutning efnisins.

III.

Ákærðu er öllum gefið að sök að hafa í síðari hluta mars 1992 staðið sameiginlega að innflutningi á tæplega 3 kg af hassi. Ákærði Sigurjón Reyn-

ir keypti efnið í Rotterdam, og fluttu ákærðu það til Lúxemborgar, þar sem ákærði Sigurjón Reynir annaðist undirbúning á flutningi efnisins til landsins með því að festa 975,2 g af efninu við líkama ákærða B, 1.195,2 g við líkama ákærða C og 800,1 g við líkama ákærðu A, sem fluttu efnið þannig hingað til lands 22. sama mánaðar, en ákærðu voru öll handtekin við komu til Keflavíkurflugvallar og hald lagt á allt efnið. Ákærði Sigurjón Reynir skipulagði ferð ákærðu og greiddi allan ferðakostnað, en samkomulag var með ákærðu um, að hann greiddi ákærða fyrir flutning efnisins.

— — —

Háttsemi ákærðu samkvæmt I.–IV. kafla telst varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986. Háttsemi ákærða Ragnars samkvæmt V. kafla telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar. Þá er þess krafist, að 2974,8 grömm af hassi verði gerð upptæk samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

— — —

Um II. kafla ákæru.

— — —

Þrátt fyrir neitun ákærða Sigurjóns er sannað með framburði ákærða B fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sem hlýtur stuðning í öðrum málgögnum, að ákærði Sigurjón hefur gerst sekur um athæfi það, sem honum er gefið að sök í ákæru, og einnig liggur fyrir viðurkenning ákærða B á því að hafa flutt inn um 1 kg af hassi 8. mars 1992.

Gerðust ákærðu með verknaði sínum brotlegir við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Um III. kafla ákæru.

— — —

Með þessum framburði meðákærðu og því, sem fram kemur um gjald-eyriskaup ákærða Sigurjóns Eiríkssonar í skjölum málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um að hafa staðið að innflutningi á tæplega 3 kg af hassi ásamt systkinum sínum, ákærðu B og D, og ákærða B og að hafa skipulagt ferð ákærðu og greitt allan ferðakostnað.

Þá er sannað, að ákærða A flutti inn 800,1 g af hassi 22. mars 1992 og ákærði D 1194,3 g og ákærði B 975,2 g.

Með þessu gerðust ákærðu brotleg við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um

ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

B.

Með ákæruskjali, út gefnu 9. desember sl., höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur Sigurjóni Reyni Eiríkssyni, Álfhólsvegi 125, Kópavogi, kt. 231060-2439, og E „fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa um mánaðamótin október-nóvember 1992 í ágóðaskyni staðið sameiginlega að innflutningi á 733,2 g af hassi og 4 g af marihuana. Ákærði Sigurjón Reynir keypti efnin í Rotterdam laugardaginn 31. október og flutti þau ásamt meðákærða E til Amsterdam sama dag, þar sem ákærði Sigurjón Reynir gekk frá efnunum til flutnings hingað til lands, og festi ákærði E efnin við líkama sinn og flutti þau þannig hingað til lands 1. nóvember, og var hann handtekinn við komuna til Keflavíkurflugvallar og hald lagt á efnin. Samkomulag var með ákærðu um, að ákærði Sigurjón Reynir greiddi með ákærða fyrir flutning efnanna.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar. Þá er þess krafist, að 733,2 g af hassi og 4 g af marihuana verði gerð upptæk samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986“.

Ákærðu hafa viðurkennt brot sitt. Er málið því dæmt samkvæmt skýlausri játningu þeirra, sbr. 125. gr. laga nr. 19/1991, og vísast um málavaxtalýsingu til ákæru, sem rakin er hér að framan.

C.

Sannað er, að ákærði Sigurjón Eiríksson hafði forgöngu um ferðir þær til fíkniefnakaupa, sem frá er greint hér að framan, og fjármagnaði þær. Á árunum 1979 til 1983 gekkst hann þrívegis undir sekt vegna brota á umferðar- og áfengislögum. Hann hefur hlotið fjóra dóma á árunum 1985 til 1991 fyrir ölvunarakstur og fyrir að aka sviptur ökuréttindum. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 14. nóvember 1991 var ákærði dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga, og var refsing skilorðsbundin í þrjú ár. Loks var ákærði dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur 31. ágúst 1992 í 15.000 króna sekt fyrir brot gegn tékkalögum.

Dómurinn frá 14. nóvember 1991 verður nú tekinn upp, en ákærði rauf skilorð hans með brotum sínum, sem hér er fjallað um. Refsing hans, sem ákveðst með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfi-

lega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en gæsluvarðhald hans frá 23. mars 1992 til 15. apríl s. á. kemur til frádráttar refsivist með fullri dagatölu.

— — —

Þá ber að gera upptæk 733,2 g af hassi og 4 g af marihuana, sem lagt var hald á 31. október 1992, og 2974,8 g af kannabis-efni, sem lagt var hald á 22. mars 1992, eins og krafist er í ákæruskjölum.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna, skipaðra verjenda þeirra og saksóknarlauna í ríkissjóð, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði Sigurjón Eiríksson sæti fangelsi í 12 mánuði. Gæsluvarðhald ákærða frá 23. mars 1992 til 15. apríl s. á. kemur til frádráttar refsivist með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjars Níelssonar hdl., 65.000 krónur, og 50.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

— — —

733,2 g af hassi og 4 g af marihuana, sem lagt var hald á 31. október 1992, og 2.974,8 g af kannabis-efni, sem lagt var hald á 22. mars 1992, eru gerð upptæk.
